

2010 nr. 64 22. júní
[Lög um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík]¹⁾

¹⁾ L. 53/2013, 5. gr.

Tóku gildi 24. júlí 2010. Breytt með: L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 53/2013 (tóku gildi 1. sept. 2013 nema 4. gr. sem tók gildi 12. apríl 2013).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **tjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.**

□ [Markmið og tilgangur Nýs Landspítala ohf. er að standa að nauðsynlegum undirbúningi útboðs byggingar nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík.]¹⁾ Fyrir undirritun samninga að loknu útboði skal leita samþykkis Alþingis með almennum lögum.

□ ...¹⁾

□ Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

¹⁾ L. 53/2013, 1. gr.

■ **2. gr.**

□ [Um fullnaðarhönnun, byggingu og útboð hins nýja spítala skulu gilda lög um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001.]¹⁾

□ Féluginu skal vera heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt. Tilgangi félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess.

□ Stjórn félagsins skal eins og unnt er vinna að verkefnum skv. [1. mgr. 1. gr.]¹⁾ í samráði og samvinnu við helstu hagsmunaaðila verkefnisins.

□ [Ráðherra er heimilt að ákveða að tilteknir skýrt afmarkaðir, minni byggingarhlutar, eða byggingar, séu boðnir út í formi langtímaleigu.]¹⁾

¹⁾ L. 53/2013, 2. gr.

■ **3. gr.**

□ Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

□ Framkvæmdastjóri skal hafa haldgóða menntun eða reynslu af sambærilegum verkefnum.

□ Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um fjármálfyrirtæki, hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða gjaldþrotaskipti o.fl.

□ Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga verulegra hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

■ **4. gr.**

□ Hlutafé félagsins við stofnun þess skal vera 20 milljónir króna og greiðast úr ríkissjóði.

■ **5. gr. ...¹⁾**

¹⁾ L. 53/2013, 3. gr.

■ **6. gr.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.**

□ Ráðherra er heimilt að heimila Nýjum Landspítala ohf. að fara í forval vegna undirbúnings útboðs fullnaðarhönnunar.]¹⁾

¹⁾ L. 53/2013, 4. gr.